

Hafnarfirði 20. júní 2022.

Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags fyrir Snókalönd við Bláfjallaveg.
Óskað er eftir umsögnum.

Í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sendist hér með til yfirferðar lýsing á deiliskipulagsverkefni fyrir Snókalönd við Bláfjallaveg.

Bókun skipulags- og byggingarráðs þann 14. júní 2022 var eftirfarandi:

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa skipulagslýsingu vegna deiliskipulags Snókalanda og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Á fundi Bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 16. júní sl. var afgreiðsla erindisins eftirfarandi:

Bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar, samþykkir að auglýsa skipulagslýsingu vegna deiliskipulags Snókalanda.

Svæðið er 15 ha að stærð og er staðsett norðan Bláfjallavegar og austan Krýsuvíkurvegar. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu til norðurljósa- og stjörnuskoðunar.

Hér með er leitað umsagnar varðandi lýsingu þessa og mun hún í kjölfarið verða kynnt almenningi.

Þeir sem fá þessa lýsingu til umsagnar eru:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlitið
- UST
- Vegagerðin
- Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarnes
- Grindavíkurbær
- Ölfus
- Kópavogsbær



Berglind Guðmundsdóttir

landslagsarkitekt

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2

berglindg@hafnarfjordur.is

585 5500/ 664 5619



HAFNARFJÖRÐUR